

Bæjarskipulag Kópavogs,

Fannborg 6,

200 Kópavogur.

Kópavogur, 20.08. 2007.

Ég undirritaður, Guðmundur H. Baldursson kt. 071159-7019, íbúi í Brekkusmára 4, Kópavogi – **mótmæli** **harðlega** fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi Lóðanna Arnarsmára 32 og Arnarsmára 36 (Nónhæð) og deiliskipulagi á Arnarsmára 32.

Þegar við hjónin keyptum fokhelda íbúð að Brekkusmára 4, árið 1995 – vorum við að kaupa framtíðarhúsnæði í vel skipulögðu og rólegu hverfi. Við vissum vel að Bahiar áttu lóðina Arnarsmára 36 og leist vel á þær hugmyndir sem voru komnar fram – bland af tilbeiðsluhúsi og grænu skipulögðu svæði samkvæmt aðalskipulagi.

Frá því að við fluttum inn – september 1995 – höfum við verið að „bíða“ eftir því að það yrði eitthvað gert á Nónhæðinni. Við höfum fylgst með því í gegnum tíðina – að fólk „reynir“ að sækja þetta „útvistarsvæði“ en verður frá að hverfa þar sem svæðið er ófrágengið. Þrátt fyrir að það sé ófrágengið hafa bæði krakkar úr hverfinu, leikskólanum og nálægðum byggðum verið að leika sér þar og unað sér vel.

Í júní sl var 12 ára bið á enda. Í stað þess að kynna grænt svæði með tilheyrandi görðum, leikvöllum og stígum t.þ.a. tengja við nálæg hverfi, var kynnt nýtt „hverfi“ með um 700 - 800 manna byggð og 2 – 14 hæða blokkum – í engu samræmi við núgildandi aðalskipulag eða núverandi byggð! Hvað gengur bæjaryfirvöldum til með því að kynna svona tillögur – vitandi að þeir mæta mikilli andstöðu íbúa hverfisins?

Á sínum tíma voru byggðar blokkir í Engihjalla og miklar byggingar í Hamraborg. Þetta gerðu menn þá í góðri trú. Annað hefur komið á daginn – þetta eru með verri skipulags slysum sem átt hafa sér stað í Kópavogi. Það er sagt að menn læri af reynslunni – en það hefur eitthvað misfarist hjá bæjaryfirvöldum í Kópavogi að læra af þessu skipulags slysum!

Ég er ekki viss um að bæjaryfirvöld átti sig á því fyllilega – hverslags tillögur þeir lögðu fram á íbúafundi í lok júní og hvað þær þýða fyrir íbúa hverfisins! Á meðan á byggingartíma stendur myndi mold, ryk og drulla liggja yfir þessu fallega hverfi a.m.k. næstu tvö árin og með tilheyrandi hávaða og mengun frá sprengingum og vörubílum. Þegar búið verður að byggja þessar blokkir megum við eiga von á gríðarlegri

aukningu umferðar um þetta rólega hverfi, byggingar koma til að að varpa skugga langt niður í hverfið, sérstaklega yfir vetrartíman þegar við þurfum mest á sólinni að halda.

Það mætti lengi telja upp þá ókosti sem þessi tillaga skipulagsyfirvalda hefur í för með sér og ætla ég mér síðar (í formlega auglýsingaferlinu) að koma nánar að því.

Ég legg til að yfirvöld hægi aðeins á sér, innleysi lóðina að Arnarsmára 36 og vinni að skiplagstillögum í sátt og samlyndi við íbúa hverfisins.

Nónehæðin getur orðið eitt mesta stolt íbúa Kópavogs – með fallgega skipulögðu „grænu“ svæði með tengingu í önnur hverfi. Ég ítreka mótmæli mín á fyrirhuguðu breyttu aðalskipulagi á Nónehæðinni - og vona að bæjaryfirvöldum í Kópavogi – auðnist að taka skynsamlegar ákvarðanir í þessu máli á komandi vikum og þurfi ekki að slást við íbúa hverfisins.

Með vinsemd og virðingu,

Guðmundur H. Baldursson

Brekkusmára 4,

201 Kópavogi.